

## Fundargerð háskólaráðs

310. fundur föstudaginn 25. nóvember 2011  
í stofu 262, Borgum, kl. 12.30 - 15.10

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Birna María Svanbjörnsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Hallur Gunnarsson varafultrúi menntamálaráðherra  
Jóna Jónsdóttir varafultrúi háskólaráðs  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs  
Sveinn Arnarson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

---

Rektor kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

1105445

Fundargerð 309. fundar var borin upp og samþykkt.

Rektor sagði frá að þann 5. desember verður undirritaður samningur um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum milli opinberu háskólanna. Samningurinn miðar að því að auka valmöguleika nemenda og bæta nýtingu háskólanna á námskeiðum.

Rektor sýndi nokkrar kynningarglærur um starfsemi HA frá ráðstefnu Fræðagarðs um gildi háskólamenntunar sem haldin var 15. nóvember. Fram kom m.a. að brautskráðum nemendum úr framhaldsnámi í HA fer fjölgandi og að skuldastaða háskólans fer mjög batnandi. Einnig kom fram að kostnaður pr. brautskráða nemendur úr HA og HÍ er nánast sá sami.

### 2. Rekstraryfirlit janúar - október

"[málsnúmer]"

Úlfar dreifði yfirlitinu og útskýrði það. Rekstur kennsludeilda er 624.749 mkr. og stoðþjónusta 459.739, samtals 1.084.488 mkr. sem eru 84,56% af áætlun, en viðmiðið er 83.33%. Ef tekið er tillit til kjarasamningsbundinna launahækkana frá því á miðju ári er staðan 82,78% af áætlun.

Rekstur ýmissa verkefna er 43.302 mkr. og rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 144.390 mkr. Tölurnar eru brúttótölur og eftir er að færa tekjur á móti ýmsum kostnaðarliðum. Einnig er eftir að færa kostnað milli liða í einhverjum tilvikum og verður það gert í árslok.

Taldi Úlfar að takast myndi að skila hallalausum rekstri háskólans á árinu og gildir áfram að gæta verður fyllsta aðhalds.

SAS. JSD  
B.P. B  
SD All

**3. Drög að rekstraráætlun 2012**

*"[málsnúmer]"*

Sagði Úlfar frá helstu forsendum sem unnið er út frá. Meðal annars er gert ráð fyrir úthlutun rannsóknamissera að nýju árið 2012.

Úlfar sagði frá helstu áætluðum tekjum og gjöldum háskólans á árinu og einnig því að miðað við núverandi stöðu mun þurfa að brúa um 30 mkr. bil milli tekna og gjalda á árinu.

Tvö fræðasvið hafa þegar skilað inn áætluðu kennsluframboði á árinu 2012 og áætlaði Úlfar að drög að rekstraráætlun yrðu tilbúin innan fárra daga.

Rektor taldi að sparnaðaráttak síðustu tveggja ára hefði náð hámarki. Hann þakkaði Úlfari fyrir og fór Úlfar af fundinum.

**4. Staða forseta heilbrigðisvísindasviðs**

*1103081*

Rektor greindi frá því að umsækjendur voru tveir, Árun Kristín Sigurðardóttir og Rögnvaldur Daði Ingbórsson. Hann gerði grein fyrir umsóknargögnum þeirra, niðurstöðu dómnefndar HA og umsögn deildafundar heilbrigðisvísindasviðs um umsækjendurna. Með tilliti til ofangreindra gagna og þeirra krafna sem gerðar eru í auglýsingu um starfið hefur rektor ákveðið að ráða Árunu Kristínu í stöðu forseta heilbrigðisvísindasviðs næstu tvö árin. Háskólaráð staðfesti það.

**5. Dómnefndarálit, Sigfríður Inga Karlsdóttir**

*1108009*

Bragi Guðmundsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Bragi gerði grein fyrir niðurstöðu dómnefndar HA um hæfi Sigfríðar Ingu til að gegna stöðu dósents við háskólann. Niðurstaða dómnefndar er að Sigfríður Inga er hæf til að gegna stöðu dósents við HA.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitið.

**6. Breytingar á reglum HA um námsmat nr. 885/2009 með síðari breytingu**

*1111067*

Rektor gerði grein fyrir breytingunum. Þær eru:

- a) Í 2. gr. lið d) stendur: Umsjónarkennari skilar lokaeinkunn til *kennslusviðs* eigi síðar en á tólftha virka degi eftir prófdag. Setningin verður: Umsjónarkennari skilar lokaeinkunn til *skrifstofustjóra síns fræðasviðs* eigi síðar en á tólftha virka degi eftir prófdag.
- b) Í 5. gr. lið c) stendur: Nemandi sem kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið og fær einkunnina 0. Setningin verður: Nemandi sem kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll telst hafa þreytt prófið og fær einkunnina F.  
Háskólaráð samþykkti breytingarnar.

**7. Reglur um Vinnumatssjóð HA**

*1111066*

Rektor fór yfir tillögu að endurskoðuðum reglum um Vinnumatssjóð. Borist hafði bréf frá Formanni Félags háskólakennara við HA (FHA) þar sem óskað var eftir því að reglurnar yrðu sem mest í samræmi við þær reglur er giltu við HÍ. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður RHA vann tillögurnar að ósk rektors. Hafði hún haft samráð við Baldvin Zarióh hjá Vísindasviði HÍ.

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including initials like "BP" and "SS".

Rektor tók fram að vilji hans er að stjórn FHA hafi sem mest áhrif á hvernig úthlutunarreglur sjóðsins eru mótaðar. Umræða varð um tillögurnar og þá sérstaklega um þriðju grein reglnanna. Ákveðið var að rektor ræddi við formann stjórnar FHA og fengi fullvissu fyrir því að reglurnar væru í samræmi við vilja félagsins.

**8. Skipun jafnréttisráðs HA 2011-2013**

1108034

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að skipun jafnréttisráðs. Ráðið skipa: Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor, til vara Guðmundur Engilbertsson lektor Fjóra Björk Jónsdóttir aðjúnt, til vara Kristinn P. Magnússon prófessor Hermann Óskarsson dósent, til vara Kristín Sóley Sigursveinsdóttir aðjúnt Sæunn Mjöll Stefánsdóttir fulltrúi, til vara Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður Sveinn Þorkelsson nemi, til vara Alfa Dröfn Jóhannsdóttir nemi. Önnu Elísu er falið að kalla ráðið saman í fyrsta sinn.

**9. Skipun öryggisnefndar HA**

1110010

Frestað.

**10. Stefnumótun HA 2012 - 2017**

1107008

Rektor sagði frá störfum stýrihóps og vinnunefnda. Stefnumótunargögn hafa borist frá hug- og félagsvísindasviði og heilbrigðisvísindasviði og von er á gögnum frá viðskipta- og raunvísindasviði og Félagi stúdenta við HA. Búið er að vinna SVÓT greiningu og móta ýmsar hugmyndir. Stefnumótun fyrir HA 2012 – 2017 verður lögð fram í háskólaráði í febrúar næstkomandi.

**11. Starfsmannamál**

1109030

Háskólaráð samþykkti eftirfarandi bókun um málið:  
„Háskólaráð hefur kynnt sér gögn í málinu meint einelti á kennslusviði í HA. Niðurstaða sérfræðingateymis þess efnis að ekki hafi verið um einelti að ræða breytir ekki því að háskólaráði þykir miður að alvarlegt mál af þessu tagi skuli hafa komið upp innan háskólans. Háskólaráð telur að rektor hafi brugðist við í samræmi við tillögur sérfræðingateymisins í kjölfar niðurstöðunnar og gefið öllum hlutaðeigandi kost á að leggja fyrri ágreining til hliðar og byggja upp gott og faglegt samstarf. Því til viðbótar var gripið til ýmissa ráðstafana í samræmi við ábendingar sérfræðingateymisins.

Háskólaráð telur ábendingar sérfræðingateymisins sem lúta að meðferð starfsmannamála gagnlegar. Ráðið hvetur framkvæmdastjórn til að hafa að leiðarljósi að leysa starfsmannamál sem upp kunna að koma sem öflugur og samhentur hópur. Það er von háskólaráðs að allir viðkomandi uni við málalok.“

Aðspurður kvaðst rektor vona að hægt yrði að ráða starfsmannastjóra sem allra fyrst og nefndi árið 2013 í því sambandi. Svanfríður Inga fór af fundinum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'SBS', 'PS', and 'SI'.

## 12. Önnur mál

Rektor sagði frá þeirri ákvörðun sinni að framlengja ráðningarsamning forseta viðskipta- og raunvísindasviðs til 30. júní 2012. Staðan verður auglýst laus til umsóknar í ársbyrjun 2012.

Rektor greindi frá erindi Kristínar Baldvinsdóttir formanns stjórnar FSHA til sín. Kristín fer þess á leit að áheyrnarfulltrúi úr stjórn FSHA verði boðaður á háskólaráðsfundi ef sú staða kemur upp að hvorki aðal- né varafulltrúi nemenda geti mætt. Háskólaráð mun framvegis óska eftir áheyrnarfulltrúa frá FSHA í þessum tilvikum ef þörf krefur og fyrirvarinn er nægur.

Einnig spyr Kristín hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu að bæði aðal- og varafulltrúi sitji háskólaráðsfundi, með einn atkvæðisrétt. Háskólaráð telur það ekki hægt með vísan til jafnræðis. Háskólaráð vísar einnig til þess að aðal- og varafulltrúum ber að skiptast á upplýsingum eins og nauðsynlegt er.

Óskað var eftir því að rektor legði fram áætlun um fundi á vormisseri fljótlega. Ákveðið var að halda næsta fund fimmtudaginn 15. desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10.

Svantinnur Jónardóttir  
Þirna Svantinnur  
Mazónsd.  
Heldur Gunnars  
Hjónskjöldur  
Sveinur